


Þinggerð

71. Fjórðungsþing Vestfirðinga á kosningaári



Haldið í fjarfundi 24. júní 2026



Miðvikudaginn 24. júní 2026 er 71. Fjórðungsping Vestfirðinga á kosningaári haldið í fjarfundi. Þingið er sett kl. 13:00.

Dagskrá þingsins má sjá nánar í þingskjali 1. Atkvæðavægi sveitarfélaga má sjá í þingskjali 2.

Þingsetning

Varaformaður stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga, Hildur Aradóttir setur þingið í fjarveru Gylfa Ólafssonar formanns en flytur þinginu kveðjur formanns. Hún býður þingfulltrúa og fundargesti velkomna og óskaði nýkjörnum sveitarstjórnarfulltrúum til hamingju með kosningu þeirra.

Hildur gerir að tillögu að þingforseti verði Friðbjörg Matthíasdóttir, Vesturbyggð. Tillagan er samþykkt með lófataki og tekur þingforseti Friðbjörg Matthíasdóttir við fundarstjórn, býður hún gesti og þingfulltrúa velkomna og þakkar traustið.

Þingforseti gerir að tillögu sinni að Árný Huld Haraldsdóttir, Reykhólahreppi verði varaþingforseti og að ritari þingsins verði Magnús Þór Bjarnason starfsmaður Vestfjarðastofu. Tillagan samþykkt með lófataki.

Þingforseti fer yfir dagskrá þingsins

1. *Skýrsla stjórnar og rekstrareininga, sem FV ber á. (afgreitt á aukþingi Fjórðungssambands þann 15. apríl s.l.)*
2. *Afgreiðsla ársreikninga og skýrslu endurskoðenda FV og rekstrareininga sem FV ber fjárhagslega ábyrgð á. (afgreitt á aukþingi Fjórðungssambands þann 15. apríl s.l.)*
3. *Kosning stjórnar og varastjórnar og kosning formanns*
4. *Kosning í fastanefndir*
5. *Kosning endurskoðanda eða endurskoðendafyrirtækis*
6. *Endurskoðuð fjárhagsáætlun fyrir líðandi starfsár*
7. *Ákvörðun dagsetningar haustþings og umfjöllunarefnis*
8. *Önnur mál löglega fram borin*
9. *Frestun Fjórðungspings Vestfirðinga*

Þingforseti gefur Magneu Garðarsdóttir starfsmanni þingsins orðið til að fara yfir mætingu á þingið.

Magnea kynnir að mættir séu 36 þingfulltrúar með 96% atkvæðavægi að meðtöldum umboðum eða 9389,4 atkvæði. 4% atkvæða falla niður dauð, eða 351,6 atkvæði.

Þingforseti fer yfir fyrirkomulag kosninga í netheimum.

Þingforseti minnir einnig á að fundargestir hafi slökkt á hljóðnema.

Þingforseti minnir á að skv. 5, gr. þingskapa skulu fulltrúar tilkynna þingforseta skriflega um málefni sem óskað sé að komi til umræðu undir liðnum önnur mál og jafnframt skuli geta flutningsmanna.

Áður en gengið er til dagskrár þá gerði þingforseti að tillögu að nýkjörnir sveitastjórnarfulltrúar kynni sig og kallaði upp hverja sveitarstjórn fyrir sig.

Þá er gengið til dagskrár. Fyrstu tveir liðir þingsins hafa þegar verið afgreiddir á aukþingi Fjórðungssambandsins þann 15. apríl s.l. og því er farið beint í 3. dagskrárlið.

1. Kosning stjórnar og varastjórnar og kosning formanns

Þingforseti gefur formanni kjörnefndar Þorgeir Pálssyni, Strandabyggð orðið, en fulltrúar í kjörnefnd eru skipaðir á fyrsta fundi sveitarstjórna að aflokunum kosningum og starfa nefndin allt kjörtímabilið.

Auk Þorgeirs sitja í kjörnefnd þau Árný Huld Haraldsdóttir, Reykhólahreppi, Baldur Smári Einarsson, Bolungarvíkurkaupstað, Birta Lind Garðarsdóttir, Súðavíkurhreppi, Gunnþórunn Bender, Vesturbyggð, Hildur Aradóttir, Kaldrananeshreppi, Kristján Þór Kristjánsson, Ísafjarðarbæ og Þorgerður Lilja Björnsdóttir, Árneshreppi.

Þorgeir tekur til máls og kynnir tillögur kjörnefndar.

Stjórn og varastjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga 2026-2028

Aðalmenn	Varamenn
Hrafnhildur Þorsteinsdóttir, Strandabyggð	Sigrún Sverrisdóttir, Árneshreppur
Gylfi Ólafsson, Ísafjarðarbær	Elisabet Samúelsdóttir, Ísafjarðarbær
Þórkatla Soffía Ólafsdóttir, Vesturbyggð	Hlynur Ársælsson, Vesturbyggð
Kristján Jón Guðmundsson, Bolungarvíkurkaupstaður	Birta Lind Garðarsdóttir, Súðavíkurhreppur
Martha Kristín Pálmadóttir, Ísafjarðarbær	Kristján Þór Kristjánsson, Ísafjarðarbær



Þingforseti ber upp tillögu að stjórn og varastjórn til atkvæða, tillagan samþykkt einróma með öllum greiddum atkvæðum.

Þingforseti gefur Þorgeiri orðið að nýju og hann kynnir tillögu að formanni stjórnar, Gylfi Ólafsson, Ísafjarðarbæ.

Formaður kynnti enn fremur að stjórnarmennirnir Gylfi og Þórkatla Soffía hefðu gert að samkomulagi að Gylfi yrði formaður fyrsta starfsár nýrrar stjórnar þ.e. til og með 72. Fjórðungsþings Vestfirðinga að hausti. Þórkatla tæki þá við embætti formanns og myndi sækjast eftir endurnýjuðu umboði til formennsku stjórnar Fjórðungssambandsins á 73. Fjórðungsþingi Vestfirðinga að hausti til næstu tveggja ára. Alls sæti Þórkatla í embætti formanns til þriggja ára innan kjörtímabils sveitarstjórna 2026-2030.

Þingforseti kannaði með aðrar tillögur að formanni stjórnar, svo var ekki og bar þingforseti upp tillögu kjörnefndar um formann stjórnar til atkvæða.

Tillaga samþykkt einróma og Gylfi Ólafsson telst réttkjörinn formaður stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga.

2. Kosning í fastanefndir

Þingforseti gefur formanni kjörnefndar Þorgeiri Pálssyni orðið. Þorgeir tekur til máls og kynnir tillögur kjörnefndar.

Tillaga kjörnefndar að Fjárhagsnefnd kynnt og lögð fram til atkvæða.

Fjárhagsnefnd 2026-2028

Aðalmenn	Varamenn
Hrefna Jónsdóttir, Reykhólahreppur	Hildur Aradóttir, Kaldrananeshreppur
Elísabet Samúelsdóttir, Ísafjarðarbær	Hrafnhildur Hrönn Óðinsdóttir, Ísafjarðarbær
Jón Árnason, Vesturbyggð	Gerður Björk Sveinsdóttir, Vesturbyggð
Þorbergur Haraldsson, Bolungarvíkurkaupstaður	Kristján Rúnar Kristjánsson, Súðavíkurhreppur
Jónas Þór Birgisson, Ísafjarðarbær	Þorvaldur Óli Ragnarsson, Ísafjarðarbær



Tillagan samþykkt einróma með öllum greiddum atkvæðum.

Tillaga kjörnefndar að formanni Fjárhagsnefndar 2026-2028 er Jón Árnason, Vesturbyggð. Tillaga lögð fram til atkvæðagreiðslu.

Tillagan samþykkt einróma með öllum greiddum atkvæðum.

Tillaga kjörnefndar að Innviðanefnd 2026-2030 lögð fram til atkvæðagreiðslu.

Innviðanefnd 2026-2028

Aðalmenn	Varamenn
Jón Örn Haraldsson, Strandabyggð	Sigrún Sverrisdóttir, Árneshreppur
Kristján Þór Kristjánsson, Ísafjarðarbær	Hannibal Hafberg, Ísafjarðarbær
Rebekka Hilmarsdóttir, Vesturbyggð	Jenný Lára Magnadóttir, Vesturbyggð
Helgi Karl Guðmundsson, Ísafjarðarbær	Snorri Karl Birgisson, Ísafjarðarbær
Jóhanna Ósk Halldórsdóttir, Bolungarvíkurkaupstaður	Kjartan Geir Karlsson, Súðavíkurhreppur



Tillagan samþykkt einróma með öllum greiddum atkvæðum.

Tillaga kjörnefndar að formanni Innviðanefndar er Rebekka Hilmarsdóttir. Tillaga lögð fram til atkvæðagreiðslu.

Tillaga samþykkt einróma með öllum greiddum atkvæðum

Tillaga kjörnefndar að Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða lögð fram til atkvæðagreiðslu.

Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða 2026-2028

Aðalmenn	Varamenn
Ísabella B. Petersen, Kaldrananeshreppur	Kjartan Þór Ragnarsson, Reykhólahreppur
Ásgerður Þorleifsdóttir, Ísafjarðarbær	Trausti Salvar Kristjánsson, Bolungarvíkurkaupstaður
Friðbjörg Matthíasdóttir, Vesturbyggð	Jenný Lára Magnadóttir, Vesturbyggð
Einar Snorri Magnússon, utan svæðis	Guðbjörg Anna Guðmundsdóttir, utan svæðis
Greipur Gíslason	



Tillagan samþykkt samhljóða.



Tillaga kjörnefndar að formanni Úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða er Ásgerður Þorleifsdóttir. Tillaga lögð fram til atkvæðagreiðslu.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Tillaga kjörnefndar að Fagráði menningar 2026-2028 lögð fram til atkvæðagreiðslu. Þingforseti óskaði skýringa á að sæti varamanns fyrir Greip Gíslason vantar. Til máls tók Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri Vestfjarðastofu og kynnti að unnið hefði verið með kjörnefnd í leit að aðilum en ekki tekist í tíma.

Þorgeir tók til máls og lagði til að veitt yrði heimild þingsins að kosningu varamanns yrði frestað til Fjórðungsþings að hausti. Þingforseti bar upp tillögu Þorgeirs.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Fagráð menningar 2026-2028

Aðalmenn	Varamenn
Þorgerður Lilja Björnsdóttir, Árneshreppur	Anna Karen Amin Kolbeins, Strandabyggð
Hildur Pétursdóttir, Ísafjarðarbær	Trausti Salvar Kristjánsson Bolungarvíkurkaupstaður
Anna Madgalena Preisner, Bolungarvíkurkaupstaður	Jenný Lára Magnadóttir, Vesturbyggð
Greipur Gíslason, utan svæðis	

Fagráð atvinnuþróunar, nýsköpunar og umhverfismála 2026-2028

Aðalmenn	Varamenn
Embla Dögg B. Jóhannsdóttir, Reykhólahreppur	Mikael Rafn L. Steingrímsson, Kaldrananeshreppur
Tinna Ólafsdóttir, Ísafjarðarbær	Páll Lucas Smelt, Bolungarvíkurkaupstaður
Jónas Snæbjörnsson, Vesturbyggð	Aðalsteinn Magnússon, Vesturbyggð
Einar Snorri Magnússon, utan svæðis	Guðbjörg Anna Guðmundsdóttir, utan svæðis



Tillaga kjörnefndar um fagráð atvinnuþróunar, nýsköpunar og umhverfismála 2026-2028 og fagráð menningar lögð fram til atkvæðagreiðslu.

Tillaga samþykkt einróma með öllum greiddum atkvæðum.

Tillaga kjörnefndar að Heilbrigðisnefnd Vestfjarða 2026-2030 lögð fram til atkvæðagreiðslu.

Heilbrigðisnefnd Vestfjarða 2026-2030

Aðalmenn	Varamenn
Þorgeir Pálsson, Strandabyggð	Árný Huld Haraldsdóttir, Reykhólahreppur
Halldór Karl Valsson, Ísafjarðarbær	Hjalti Karlsson, Ísafjarðarbær
Guðbjörg Þrastardóttir, Ísafjarðarbær	Guðmundur Ólafsson, Ísafjarðarbær
Hulda Birna Albertsdóttir, Bolungarvíkurkaupstaður	Birta Lind Garðarsdóttir, Súðavíkurhreppur
Lilja Magnúsdóttir, Vesturbyggð	Halldór Jökull Ólafsson, Vesturbyggð



Tillagan samþykkt einróma með öllum greiddum atkvæðum.

Tillaga að kjörnefndar að formanni Heilbrigðisnefndar er Guðbjörg Þrastardóttir. Tillagan lögð fram til atkvæðagreiðslu.

Tillaga samþykkt einróma með öllum greiddum atkvæðum.

Tillaga kjörnefndar að Fulltrúaráðum Háskólaseturs Vestfjarða, Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða og Starfsendurhæfingu Vestfjarða 2026-2028 lögð fram til atkvæðagreiðslu.

Fulltrúaráð Háskólasetur Vestfjarða 2026-2028

Aðalmenn	Varamenn
Edda Bára Árnadóttir, Vesturbyggð	Finney Rakel Árnadóttir, Ísafjarðarbær

Fulltrúaráð Fræðslumiðstöð Vestfjarða 2026-2028

Aðalmenn	Varamenn
Jónína Margrét Guðmundsdóttir, Súðavíkurhreppur	Kjartan Þór Ragnarsson, Reykhólahreppur

Starfsendurhæfing Vestfjarða 2026-2028

Aðalmenn	Varamenn
Anna Vilborg Rúnarsdóttir, Vesturbyggð	Aðalsteinn Óskarsson, Hnífsdalur



Tillögurnar samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.

Tillaga kjörnefndar vegna fulltrúa í Vinnumarkaðsráð og Skólanefnd Menntaskólans á Ísafirði lögð fram til atkvæðagreiðslu.

Vinnumarkaðsráð 2026-2028

Aðalmenn	Varamenn
Jóhanna Ósk Halldórsdóttir, Bolungarvíkurkaupstaður	Mikael Rafn L. Steingrímsson, Kaldrananeshreppur

Skólanefnd Menntaskólans á Ísafirði 2026-2030

Aðalmenn	Varamenn
Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir, Ísafjarðarbæ	Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir, Bolungarvíkurkaupstaður
Gerður Björk Sveinsdóttir, Vesturbyggð	Karl K. Ásgeirsson, Ísafjarðarbæ



Tillögurnar samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.

Þorgeir Pálsson formaður kjörnefndar þakkar fyrir sig og þakkar kjörnefnd sérstaklega fyrir störf sín og aðstoð starfsmanna Vestfjarðastofu.

3. Kosning endurskoðenda eða endurskoðendafyrirtækis

Þingforseti gefur formanni kjörnefndar Þorgeiri Pálssyni orðið. Þorgeir tekur til máls og kynnir tillögur kjörnefndar.

Tillaga kjörnefndar að Endurskoðun Vestfjarða ehf. verði áfram endurskoðendafyrirtæki Fjórðungssambands Vestfirðinga lögð fram til atkvæðagreiðslu.

Tillagan samþykkt einróma með öllum greiddum atkvæðum.

4. Endurskoðuð fjárhagsáætlun fyrir líðandi starfsár

Þingforseti gefur Aðalsteini Óskarssyni orðið til að fara yfir tillögu að endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2026.

Aðalsteinn tekur til máls og kynnti að hann legði hér fram drög að endurskoðaðri fjárhagsáætlun. Fráfarandi stjórn vildi gefa nýrri stjórn tækifæri að móta endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir árið 2026. Hann kynnti því hér helstu breytingar frá fjárhagsáætlun 2026 sem fælust í hærri tekjum með hækkun framlaga frá Jöfnunarsjóði til reksturs Fjórðungssambandsins, hærri framlaga til áhersluverkefna samkvæmt tillögu í fjárlögum 2026 og hærri framlaga til C1 aðgerðar Byggðaaætlunar.

Samhliða yrði hækkun á gjöldum til útborgun framlaga C1 aðgerða og áhersluverkefna sem stjórn Fjórðungssambands og stýrihópur stjórnarráðsins um byggðamál hefðu samþykkt tillögu um. Hækkun yrði á framlagi til varasjóðs til stjórnar 6,2 mkr sem ný stjórn tæki afstöðu til um ráðstöfun á.

Aðalsteinn vísaði að öðru leyti til þingskjals 4 og óskar eftir heimild fundar að vísa efni þingskjalsins, drög að endurskoðaðri fjárhagsáætlun til frekari umfjöllunar fjárhagsnefndar og stjórnar.

Þingforseti þakkar Aðalsteinni greinargóða kynningu og leggur fram þá tillögu að vísa efni þingskjals 4 til umfjöllunar stjórnar. Tillaga samþykkt einróma með öllum greiddum atkvæðum.

5. Ákvörðun dagsetningar haustþings og umfjöllunarefnis.

Þingforseti gefur framkvæmdstjóra Fjórðungssambands Vestfirðinga og Vestfjarðastofu Sigríði Ólöfu Kristjánsdóttur orðið. Sigríður kynnti tillögu að dagsetningu og málefni 71. Fjórðungspings Vestfirðinga að hausti.

Þingforseti kallar eftir öðrum tillögum. Til máls tóku Gerður Björk Sveinsdóttir, Vesturbyggð og Kristján Þ. Kristjánsson, Ísafjarðarbæ sem bentu á að tímasetning skaraðist við Hafnarsambandsþing. Þingforseti gerði að tillögu að fela stjórn Fjórðungssambandsins að taka dagsetningu Haustþings til umræðu.

Tillaga um umfjöllunarefni þingsins með breytingartillögu um ákvörðun um dagssetningu lögð fram til atkvæðagreiðslu. Tillagan samþykkt samhljóða.

6. Önnur mál löglega fram borin

Þingforseti tilkynnir að engin önnur mál löglega fram borin hafi borist þinginu og kannar hvort einhver vilji taka til máls undir dagskrárliðnum. Enginn óskaði eftir að taka til máls.

7. Frestun Fjórðungspings Vestfirðinga til hausts 2026

Þingforseti tekur til máls og þakkar starfsfólki Vestfjarðastofu fyrir störf sín við framkvæmd þingsins, þingforseti þakkar einnig kjörnefnd og formanni hennar, fráfarandi stjórnarfólki og óskar nýju stjórnarfólki og öðrum þeim sem hlutu kjör á þinginu velfarnaðar í störfum sínum.

Þingforseti óskar eftir leyfi þingsins um að þingforseti og ritarar gangi frá þinggerð eftir að þingi er slitið. Fundur samþykkir ósk þingforseta.

Þingforseti þakkar fyrir sig og frestar þinginu kl.14:12 með þeim orðum að því verði fram haldið á 71. Fjórðungspingi að hausti í október n.k..

Friðbjörg Matthíasdóttir

Þingforseti

Magnús Bjarnason

Þingritari

Þingskjöl 71. Fjórðungsþings Vestfirðinga að hausti

Þingskjal 1, Dagskrá

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/71thing/thingskjal-1-dagskra-1-.pdf>

Þingskjal 2, Atkvæðavægi

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/71thing/thingskjal-2-atkvaedavaegi-2026-1-.pdf>

Þingskjal 3, Samþykktir og þingsköp

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/70thing/70vor/samthykkir-og-thingsk-19.okt2024.pdf>

Þingskjal 4, Drög endurskoðaðrar fjárhagsáætlun 2026

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/71thing/thingskjal-4-drog-endursk-fjarhagsaaetlun-2026.pdf>